


Efni: Minnisblað: Þjónusta við eldri borgara október 2020

- Heimaþjónusta



Súluritið sýnir hversu mörg heimili er með þjónustu og skipting eftir þörf fyrir þjónustuna. Bláu súlurnar sýna að 21 heimili eru í brýnni þörf fyrir þjónustuna, 200 heimili í mikill þörf fyrir þjónustu, 113 heimili eru í meðal þörf fyrir þjónustu og 128 í lítilli þörf. Gulu súlurnar sýna fjölda þeirra samninga sem eru óvirkir, vegna t.d. spítaladvalar, hvíldarinnlagna eða Covid-19.

Þann 19. október eru samningar um heimaþjónustu samtals 654.

- Dagar

Samið var við fyrirtækið 2016 um þrif á 160 heimilum í Hafnarfirði. Þjónustan felur í sér aðstoð við þrif á gólfum, baðherbergi og þurrka af úr gluggakistum. Samningurinn hefur verið óbreyttur frá upphafi. Til að byrja með var mikið um kvartanir um þjónustu veitta af starfsfólki Daga, en það er nánast úr sögunni. Vegna Covid-19 er séð til þess að starfsfólk Daga gæti smitvarna á sama hátt og starfsfólk Heimaþjónustunnar, 2 metrar þar sem því verður viðkomið, grímur, hanskar og starfsfólk spritti hendur sínar.

- Currón

Notkun Currón hófst í janúar 2017. Currón nýtist við daglegt skipulag þjónustunnar og eru virkir samningar 622. Gerðir eru samningar um alla þjónustu og þar skilgreind þörf hvers og eins fyrir þjónustuna og þann tíma sem það tekur að veita þjónustuna. Upplýsingar hér ofan eru fengnar úr Currón. Verið er að skoða hvernig tölvukerfin lesi hvert annað þannig að ekki þurfi að skrá samninga um þjónustu bæði í Currón og í Navison og að hægt verði að taka upplýsingar um þjónustutíma úr Currón og lesa inn í Navison.

- Innlit og úthringingar

Í byrjun Covid tímabilsins í vor fékk heimaþjónustan nokkrar spjaldtölvur til notkunar. Þjónustuþegum var boðið upp á skjáinnlit. Níu einstaklingar voru skráðir í verkefnið. Haft var



HAFNARFJÖRÐUR

samband 1 – 5 sinnum í viku. Aðeins tveir þjónustuþegar fengu afhentar spjaldtölvur frá Hafnarfjarðarbæ, en hinir voru með eigin tæki. Einn félagsliði hélt utan um skjáinnlitin. Í maí var gert hlé á þjónustunni, en nú er verið að endurvefja innlitin og skoða þörfina. Í fyrstu bylgju Covid var farið í að hringja í eldri borgara, 85 ára og eldri, þá sem ekki komust í dagdvölinna, þá sem höfðu stundað félagsstarfið í Hraunseli og þá sem afþökkuðu þjónustu vegna Covid. Í maí, þegar að fyrsta bylgjan var í rénum, var úthringingum hætt. Nú þegar þriðja bylgjan er í hámarki er aftur verið að hringja í eldri borgara. Á listanum eru rúmlega 300 einstaklingar sem reynt er að ná í að minnsta kosti einu sinni í viku og hugað að þeirra líðan. Einnig eru þeir inntir eftir þörf á þjónustu og aðstoðaðir við að sækja um þá þjónustu t.d. dagdvalir og heimsendan mat.

Virðingarfyllst,

Sjöfn Guðmundsdóttir deildarstjóri